

ABC barnahjálp
Ársreikningur
2022

ABC barnahjálp
Nýbýlavegi 6
200 Kópavogur
Kt. 690688-1589

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar

ABC barnahjálpar er íslenskt hjálparstarf, stofnað 1988. Starfið snýst um að gefa fátækum börnum tækifæri til menntunar með því að koma á fót leik-, grunn- og framhaldsskólum þar sem þörf er á ásamt því að styrkja börn til náms, sinna heilbrigðismálum, fullorðinsfræðslu, bættri afkomu og neyðarhjálp þegar aðstæður krefjast. Starfsemi ABC barnahjálpar var með svipuðu sniði árið 2022 og undanfarin ár, félagið byggir afkomu sína á gjöfum, áheitum, söfnunarfé, öðrum framlögum og styrkjum ásamt því að starfrækja nytjamarkað.

Rekstartekjur ársins námu 279,5 millj. kr. samanborið við 246,0 millj. kr. á árinu 2021. Framlög til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá nema 161,3 millj. kr. miðað við 150,0 millj. kr. á árinu áður. Gjöld ársins umfram tekjur námu 4,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi, Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé 34,7 millj. kr. í árslok 2022. Heildareignir námu í árslok 40,1 millj. kr.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2022 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar og breytingu á handbæru fé á árinu 2022.

Stjórn ABC barnahjálpar hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 23/5 2023

Í stjórn hjálparstarfsins:

Samuel Ingimærsson
Hóll E. Friðriksson
Kristjana G. Hólmsteinsdóttir
María Þórunn Sigmundardóttir
Zfrann Einarsson
Göngu-Hildur

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar ABC barnahjálpar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning ABC barnahjálpar („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 23. maí 2023.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Gjafir og áheit	4	129.784.542	136.394.981
Vörusala nytjamarkaðar		77.448.627	58.493.527
Önnur framlög og styrkir	5	72.273.200	51.102.814
		<u>279.506.369</u>	<u>245.991.322</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	70.634.090	54.759.908
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá	7	161.279.622	150.009.960
Annar rekstrarkostnaður	8	51.401.289	36.942.206
Afskriftir	9	1.761.675	2.145.095
		<u>285.076.676</u>	<u>243.857.169</u>
Rekstrarafkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(5.570.307)	2.134.153
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		852.214	82.262
Vaxtagjöld		(189.305)	(19.129)
Gengismunur		(11.059)	(441.851)
		<u>651.850</u>	<u>(378.718)</u>
(Gjöld umfram tekjur)/ tekjur umfram gjöld	10	<u>(4.918.457)</u>	<u>1.755.435</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Hugbúnaður		3.300.174	4.756.237
Bifreið		244.936	244.936
Fastafjármunir samtals	9	<u>3.545.110</u>	<u>5.001.173</u>
Viðskiptakröfur		7.669.930	7.765.360
Handbært fé		28.922.784	31.385.483
Veltufjármunir samtals		<u>36.592.714</u>	<u>39.150.843</u>
Eignir samtals		<u><u>40.137.824</u></u>	<u><u>44.152.016</u></u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	<u>35.061.663</u>	<u>39.980.120</u>
Eigið fé samtals		<u>35.061.663</u>	<u>39.980.120</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		2.249.139	1.728.697
Ógreidd launatengd gjöld		2.827.022	2.443.199
Skuldir samtals		<u>5.076.161</u>	<u>4.171.896</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>40.137.824</u></u>	<u><u>44.152.016</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur ABC barnahjálpar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

3. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

4. Gjafir, áheiti og söfnunarfé börn hjálpa börnum

Gjafir, áheiti og söfnunarfé sem safnast á árinu til hjálparstarfa greinist þannig:

	2022	2021
Gjafir og áheiti	129.784.542	136.394.981
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagskrá sjá nánar skýringu nr. 7	(161.279.622)	(150.009.960)
	<u>(31.495.080)</u>	<u>(13.614.979)</u>

5. Önnur framlög og styrkir

Önnur framlög og styrkir greinist þannig:

Neyðarsjóður	29.344.823	27.449.718
Rekstrarsjóður, símasafnanir og önnur framlög	40.006.188	20.849.969
Baukar	2.922.189	2.803.127
	<u>72.273.200</u>	<u>51.102.814</u>

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	60.047.653	48.310.971
Mótframlag vinnumálastofnunar	(3.805.128)	(4.687.890)
Lífeyrissjóður	7.836.882	6.189.422
Tryggingagjald	4.324.965	3.345.577
Önnur launatengd gjöld	1.193.273	1.101.828
Dagpeningar	1.036.445	500.000
	<u>70.634.090</u>	<u>54.759.908</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	9	8
---	---	---

Skýringar, frh.:

7. Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá

Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá greinist þannig:	2022	2021
Sent til ABC barnahjálpar í Burkina Faso	28.275.741	31.374.196
Sent til ABC barnahjálpar í Úganda	60.614.114	38.617.020
Sent til ABC barnahjálpar í Bangladesh	23.727.793	26.852.692
Sent til ABC barnahjálpar í Kenýa	12.792.657	16.041.269
Sent til ABC barnahjálpar á Filippseyjum	17.239.849	19.925.494
Sent til Comforter Ministries á Indlandi	6.096.940	6.065.122
Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan	11.847.214	10.630.167
Moldovía v.Úkraínu	505.314	0
Fræðsla til barna á Íslandi	180.000	504.000
	<u>161.279.622</u>	<u>150.009.960</u>

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Húsaleiga	27.425.009	19.126.004
Þóknun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld	3.476.427	3.656.027
Tölvukostnaður	3.560.079	3.502.793
Skrifstofukostnaður	3.610.771	4.006.211
Auglýsinga og kostnaður vegna fjáraflana	4.628.045	1.985.956
Húsnæðiskostnaður	1.656.986	2.081.047
Aðkeypt þjónusta	2.408.579	1.088.023
Ferðakostnaður og vettvangsþjónusta	2.710.045	788.268
Gjafir og framlög	1.548.796	394.718
Tryggingar	182.180	172.659
Námskeið	149.400	131.400
Ýmis gjöld	44.972	9.100
	<u>51.401.289</u>	<u>36.942.206</u>

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig.

	Hugbúnaður	Bifreið	Samtals
Heildarverð 1.1.2022	8.791.144	2.449.369	11.240.513
Afskrifað 1.1.2022	(4.034.907)	(2.204.433)	(6.239.340)
Bókfært verð 1.1.2022	4.756.237	244.936	5.001.173
Viðbætur ársins	305.612	0	305.612
Afskrifað á árinu	(1.761.675)	0	(1.761.675)
Bókfært verð 31.12.2022	<u>3.300.174</u>	<u>244.936</u>	<u>3.545.110</u>
Heildarverð 31.12.2022	9.096.756	2.449.369	11.546.125
Afskrifað samtals 31.12.2022	(5.796.582)	(2.204.433)	(8.001.015)
Bókfært verð 31.12.2022	<u>3.300.174</u>	<u>244.936</u>	<u>3.545.110</u>

Skýringar, frh.:

10. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

	2022	2021
Eigið fé 1.1.	39.980.120	38.224.685
Gjöld ársins umfram tekjur	(4.918.457)	1.755.435
Eigið fé 31.12.	<u>35.061.663</u>	<u>39.980.120</u>

Að tilmælum þróunarsamvinnustofnunar hefur félagið lagt til hliðar 18 millj.kr. á meðal handbærs fjár sem hugsað er sem varasjóður. Á árinu 2022 samþykkti stjórn félagsins að hækka upphæð varasjóðs í 18 millj. kr. úr 12 millj. kr.